

## Ofbeldisvarnarnefnd

Ár 2019, mánudaginn 3. júní, var haldinn 29. fundur ofbeldisvarnarnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 14:03. Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Jenný Ingudóttir, Örn Þórðarson og Sigprúður Guðmundsdóttir. Fundinn sat einnig Halldóra Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Petta gerðist:

1. Fram fer umræða um aðgerðir félags- og barnamálaráðherra í ljósi nýrrar tölfræði um ofbeldi gegn börnum á Íslandi.

Ofbeldisvarnarnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkur fagnar þeim verkefnum sem félags- og barnamálaráðherra hefur tilkynnt að sett verði af stað og þeirri afstöðu sem þar er tekin gegn ofbeldi gagnvart börnum. Nokkuð af þeim verkefnum sem ráðherra hyggst ráðast í hafa beina tengingu við eða samlegðaráhrif af verkefnum sem Reykjavíkurborg hefur unnið að á undanförunum árum, þar má nefna Heilsuefandi samfélag, Saman gegn ofbeldi og Opinskátt um ofbeldi. Fulltrúar í ofbeldisvarnarnefnd ítreka því að Reykjavíkurborg er hér eftir sem hingað til reiðbúin til samstarfs við ráðherra og aðra aðila í þágu öruggara samfélags fyrir börn.

2. Fram fer kynning á fræðsluefninu Vopn gegn vændi sem unnið er fyrir hótél og gististaði um vændi og kynlífsmansal.

Ofbeldisvarnarnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Ofbeldisvarnarnefnd þakkar kynningu á verkefninu Vopn gegn vændi. Hér er kominn góður grunnur að kennsluefni fyrir hótélstarfsfólk og eiga MPM nemarnir sem unnu verkið skilið þakkir og heiður fyrir.

Ingunn Þorvarðardóttir og Ísól Fanney Ómarsdóttir taka sæti undir þessum lið.

3. Lögð fram drög, dags. 21. maí 2019, að samstarfssamningi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar og Reykjavíkurborgar um samvinnu í vinnu gegn vændi. Samþykkt.

Ofbeldisvarnarnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Ofbeldisvarnarnefnd fagnar þeim samstarfssamningi sem hér liggur fyrir og þeim áhuga sem SAF, hóteleigendur, lögreglan og fleiri hafa sýnt verkefninu sem um ræðir líkt og sást skýrt á vinnustofu sem nefndin stóð fyrir í október 2018. Það er von nefndarinnar að hægt verði að útvíkka verkefnið frekar þannig að fræðslan nái einnig til eigenda Airbnb íbúða og annarra aðila í ferðaþjónustu.

4. Lögð fram drög, dags. 29. maí 2019, að endurnýjuðum samstarfssamningi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar og Reykjavíkurborgar um ofbeldislausa og örugga skemmtistaði lögð fram til afgreiðslu. Samþykkt.

Tómas Ingi Adolfsson tekur sæti undir þessum lið.

5. Fram fer umræða um aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi samþykkt í borgarstjórn þ. 15. maí 2018.

### Fundi slitið kl. 15:53

Heiða Björg Hilmisdóttir

Gunnlaugur Bragi Björnsson  
Örn Þórðarson

Jenný Ingudóttir  
Sigprúður Guðmundsdóttir